

Miðvikudaginn 13. marz 1940.

Nr. 99/1939. **Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v  
Garðars G. K. 25** (Theódór B. Lindal)  
gegn

**Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólfssyni  
og Jóni Eyjólfssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Árekstur skipa.

### Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. sept. 1939. Krefst hann *aðallega* sýknu, en *til vara* niðurfærslu dæmdrar fjárhæðar. Svo krefst hann þess og, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða honum málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar, hvor krafan sem til greina yrði tekin.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Af hálfu áfrýjanda er því ekki andmælt í hæstarétti, að skip hans, b/v Garðar, hafi rekizt á bát stefndu, v/b Lúðu, né heldur því, að tjón stefndu nemi fjárhæð þeirri, sem þeim var dæmd í héraði. Reisir áfrýjandi sýknukröfu sína á því, að bátur stefndu eigi einn sök á árekstrinum, en varakrafa hans er við það miðuð, að sök sé beggja megin og ábyrgð á tjóninu skiptist milli aðilja.

Það er upplýst í málinu, að stefndu höfðu varðljós á báti sínum á þeim tíma, er hér skiptir máli. Áfrýjandi hyggur, að ljósið hafi ekki getað sézt af b/v Garðari, vegna þess að bátverjar á v/b Lúðu hafi skyggt á það, en engar sennilegar líkur eru komnar fram fyrir því, að svo hafi verið. Orsök

árekstrarins verður að telja þá, að skipstjórnarmenn b/v Garðars hafi ekki veitt ljósinu athygli í tæka tíð og þess vegna ekki breytt um stefnu til að forðast ásiglingu. Verður því að mæla ábyrgð á tjóninu á hendur áfrýjanda einum. Vegna málflutningsins skal það tekið fram, að í þessu sambandi skiptir ekki máli, hvort v/b Lúða kynni samkvæmt siglingarreglum að hafa átt að bregða upp öðru ljósi til þess að sýna legu veiðarfæraanna.

Samkvæmt framansögðu þykir mega staðfesta hinn áfrýjaði dóm að niðurstöðu til. Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefndu málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann 300 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v Garðars G. K. 25, greiði stefndu, Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólffssyni og Jóni Eyjólffssyni, kr. 300.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur sjó- og verzlunardóms Hafnarfjarðarkaupstaðar**  
5. sept. 1939.

Ár 1939, þriðjudaginn 5. september, kl. 1,30 e. h., var í sjó- og verzlunardómi Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði, upp kveðinn dómur í málinu nr. 1/1939, en mál þetta var dómtekið hinn 6. júní síðastliðinn.

Auk setts bæjarfógeta Kristjáns Steingrímssonar áttu sæti í dóminum hinir skipuðu sjó- og verzlunardómsmenn: Magnús Bjarnason og Sigurður Guðnason.

Mál þetta, sem þingfest var hinn 7. marz s. l., er höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum með réttarstefnu,

útgefinni 25. febr. síðastliðinn, af eiganda og útgerðar-  
mönnum tr/b „Lúðu“, þeim Benedikt Jónssyni, Jóni Ey-  
ólfssyni og Karli Eyjólfssyni, öllum í Keflavík, gegn Sig-  
urjóni Einarssyni, skipstjóra b/v „Garðars“ G. K. 25, f. h.  
eigenda skipsins, Einars Þorgilssonar & Co.

Eru kröfur stefnanda þær, að stefndu verði dæmdir til  
að greiða þeim kr. 298.00 vegna skemmda á tr/b „Lúðu“  
og kr. 560.00 í aflatjón, eða samtals kr. 850.00 ásamt 5%  
ársvöxtum af þeirri upphæð frá stefnuútgáfudegi, hinn  
(svo) 25. febrúar 1939, til greiðsludags, svo og málskostna-  
að að skaðlausu, er samkvæmt framlögðum reikningi nemur  
kr. 431.80.

Byggja þeir kröfur sínar á því, að hinn 15. nóvember  
1938 hafi togarinn „Garðar“ G. K. 25. rekizt á trillubátinn  
„Lúðu“, þar sem báturinn var að draga ýsu-lóð í svo-  
kölluðum „Leir“ fram af Keflavík ca. kl. 6,30 e. h.

Í sjóferðarskýrslu, sem þeir Karl og Jón Eyjólfssynir  
gáfu og staðfestu síðar fyrir réttinum, skýra þeir svo  
nánar frá greindum atburði:

„Þann 15. þ. m. fórum við í róður á trillubátnum „Lúðu“  
G. K. 220 fram í svokallaðan Leir kl. 6½ e. h. Vorum við  
að draga línuna. Sáum við þá, hvar togari kom, og virt-  
ist hann stefna nokkru fyrir norðan okkur. Þegar hann  
átti eftir ca. 500—600 faðma að okkur, breytir hann um  
stefnu og stefnir nú beint á bát okkar. Ljós var á trillu-  
bátnum, en vél hans gekk ekki nema á öðrum cylinder,  
svo við gátum ekki hreyft bátinn. Tókum við nú lukt-  
ina og héldum henni svo hátt uppi sem við gátum, en  
togarinn, sem reyndist vera „Garðar“ frá Hafnar-  
firði, tók samt ekki eftir okkur, og lentum við á stjórn-  
borðskinnungi togarans, og brotnaði trillan talsvert bak-  
borðsmegin. Stoppaði nú togarinn og hafði tal af okkur,  
en þar sem veður var sæmilegt, þurftum við ekki á  
hjálp hans að halda. Nokkru seinna gátum við komið  
vélinni í lag, og komum við til Keflavíkur kl. 7½ e. h.  
sama dag.“

Þá skýrðu þeir svo frá um ljósaútbúnað sinn í réttin-  
um, að þeir hafi haft hvítt luktarljós á stöng upp af  
stjórnborðskinnungi bátsins, ca. 5—6 fet yfir sjó. Segjast  
þeir hafa dregið línuna sem næst í hávestur.

Um veðrið, þegar áreksturinn varð, er það upplýst, að

dimmt var, en gott ljósaskyggni, harðnandi kaldi og lítillsáttar vindbára.

Stefndu hafa hinsvegar mótmælt stefnukröfunum og krafizt algerrar sýknu.

Byggja þeir stefnukröfuna (svo) á því:

1. að enginn árekstur hafi átt sér stað milli skipanna,
2. að ljósútbúnaður „Lúðu“ hafi verið ólöglegur og ófullnægjandi.

Ad. 1. Rétturinn verður að líta svo á, að það sé sannað með vitnaskýrslu og öðrum gögnum í málinu, að árekstur milli greindra skipa hafi átt sér stað á þeim tíma, sem að framan greinir.

Ad. 2. Álit stefndu um það atriði er grundvallað á skýrslu og greinargerð skipstjórans á „Garðari“. Hefir hann fyrst og fremst haldið því fram, að ljósútbúnaður, slíkur sem að framan greinir, sé í sjálfu sér (almennt) ólögmetur og brjótí í bága við fyrirmæli alþjóðlegra siglingareglna, 9. gr. a, þar sem að „Lúða“ var að draga línu sína, þegar áreksturinn varð. Hinsvegar verður rétturinn að líta svo á, að lína, sem liggur venjulega sem næst lóðrétt í sjó við drátt, geti alls ekki fallið undir þann veiðarfæraútbúnað, sem þar er lagður til grundvallar ljósaskyldunni.

Rétturinn verður að líta svo á, að sannað sé, að logað hafi á ljósi trillubátsins á því tímabili, sem þýðingu hefir í þessu sambandi.

En samkvæmt skýrslu skipverja á b/v „Garðar“, þá telja þeir, að ljós trillubátsins hafi verið þeim ósýnilegt allt til þeirrar stundar, að áreksturinn varð.

Styðja þeir fullyrðingu sína með því, að þeir hafi alltaf séð ljós á öðrum bát, sem var þarna á sömu slóðum og þó fjær togaranum, og það enda þótt ljós þess trillubáts bæru í eða undir ljósin í Keflavík, en slíkur var stefna togarans líka, miðuð við „Lúðu“, enda kveðst skipstjórinn hafa „verið kominn svo nálægt Keflavík, að hann hafi siglt sjónhendingu“.

Hafa stefndu skýrt á þann hátt, að togarann hafi borið bakborðsmegin að trillubátinum, og að stefna hans hafi því verið sem næst í austur, þ. e. tr/b „Lúðu“, og komi það eitt heim við það, að áreksturinn hafi orðið á bakborðskinnung trillubátsins. — En þá hafi sá, sem línuna dró, skyggt á ljósið. — En samkvæmt vitnisburði skipverja

þeirra, sem voru á trillubát þeim, er Garðarsmenn tjá sig hafa alltaf séð ljós á, þá hefir „Lúða“ dregið sem næst í hávestur og, eins og fyrr greinir, sáu þeir alltaf ljósið á „Lúðu“.

Rétturinn getur því heldur ekki sýknað stefndu á þeim grundvelli, hvernig ljósaútbúnaðir tr/b „Lúðu“ var háttað.

Þá hafa stefndu til vara krafizt þess, að tjóni útaf árekstrinum yrði jafnað á báða aðilja, en þar sem ekki hefir sannazt neitt um það, að skipverjar „Lúðu“ hafi ekki eftir atvikum gert það, sem góðum og skynsömum mönnum ber að gera til þess á síðustu stundu að forðast árekstur, þá verður að lita svo á, að í málinu liggir ekki fyrir neinn grundvöllur til skiptingar tjóninu.

Samkvæmt framangreindu verður rétturinn því að lita svo á, að stefndu verði að bera ábyrgð á tjóni því, er af árekstrinum leiddi, jafnframt því sem hann lítur svo á, að þótt togarinn hafi nálgazt tr/b „Lúðu“ á stjórnborða, þá sé það ekkert óeðlilegt, að trillubáturinn hafi snúizt svo af straumfalli togarans, að áreksturinn komi á bakborðshlið hans, sérstaklega af því báturinn var orðinn ferðlaus, þar sem þeir voru hættir að draga línuna.

Þá hafa stefndu loks mótmælt skaðabótakröfum stefnanda sem alltof háum, bæði aðalkröfunni og málskostnaðarreikningnum.

Krafan fyrir brot á skemmdum á bátnum og útbúnaði hans, að upphæð kr. 298.00, er byggð á matsgerð 2ja útnefndra manna og sundurliðast þannig:

Birðingsefni .....	kr. 40.00
Bandaefni o. fl. ....	— 15.00
Saumur og rær .....	— 17.00
Málning, tjara og verk (sic) .....	— 15.00
Árar .....	— 16.00
Vinna, 8 dagsverk .....	— 160.00
Lukt .....	— 35.00

Samtals kr. 298.00

Mótmæla stefndu matsgjörðinni á þeim grundvelli, að þeir hafi ekki verið tilkvaddir að gæta réttar sins við matið. Hinsvegar hafa þeir ekki mótmælt henni sem óstaðfestri.

En þar sem að hinum einstöku liðum hennar hefir ekki

verið hnekktt með neinum sönnunargögnum, þá þykir rétt að miða bótaupphæðina að þessu leyti við niðurstöðu matsmannanna. —

Skaðabæturnar fyrir aflatjónið hafa stefnendur miðað við aflabrögð þess eina trillubáts úr Keflavík, sem stundaði sömu veiði á sömu slóðum og fór í 5 róðra, meðan að viðgerð fór fram á tr/b „Lúðu“.

Þótt nú að stefnendur hafi leitt sterkar líkur fyrir því, að aflatjón þeirra muni, ef allt hefði gengið að fyllstu óskum, hafa getað numið kr. 560.00, þá þykir þó rétt að gæta fullrar varfærni á mati slíks tjóns, og þykja því bætur fyrir það hæfilega ákveðnar kr. 450.00.

Ber stefndu því að greiða stefnendunum skaðabætur, að upphæð kr. 748.00 ásamt 5% ársvöxtum frá stefnuútgáfudegi, 25. febrúar 1939, til greiðsludags.

Samkvæmt framangreindu þykir því rétt að tildæma stefnendum aðeins kr. 300.00 í málskostnað.

Sjóveðréttar í b/v „Garðari“ fyrir hinu ídæmda hefir eigi verið krafizt.

Dráttur sá, er orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af önnum dómsforsetans vegna þingaferða og undirbúnings undir þær, svo og þess, að dómendur allir þurftu að kynna sér málsskjölin.

#### Þvi dæmist rétt vera:

Stefndi, Sigurjón Einarsson f. h. eigenda b/v „Garðars“ G. K. 25, Einars Þorgilssonar & Co., Hafnarfirði, greiði stefnendunum, Benedikt Jónssyni, Karli Eyjólfssyni og Jóni Eyjólfssyni, kr. 748.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 25. febrúar 1939 til greiðsludags og kr. 300.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.